

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Ólafur Friðriksson
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK
Ísland

Garðabær, 08. maí 2015

2015040010/42-9

OKN, KHS, TB

jgo/tb

Innflutningur á smáuglum, umsögn

Vísað er til bréfs frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 14. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi til að flytja inn þrjár tegundir af smáuglum til ræktunar. Tegundirnar eru skálmugla, *Aegolius funereus*, kattugla, *Athene noctua* og fésugla, *Ptilopsis granti*. Með erindinu fylgir greinargerð unnin af Jóhanni Óla Hilmarssyni sem áhættumat. Fram kemur í gögnum málsins að stefnt er að því að hefja ræktun og sölu á tegundunum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögnin og getur tekið undir flest það sem kemur fram í meðfylgjandi áhættumati. Það sem ekki kemur fram í matinu er að fuglategundir af ugluættbálkinum (Strigiformes) eru á viðauka II samkvæmt CITES (Appendix II, <http://www.cites.org/eng/app/appendices.php>). Sjá einnig lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu nr. 85/2000. Á þetta við um allar þær tegundir sem hér um ræðir. Náttúrufræðistofnun bendir á að heimilt er að versla með tegundir í viðauka II einungis ef fyrir liggja útflutningsleyfi frá viðkomandi landi en á Íslandi þarf einnig innflutningsleyfi, sjá m.a.

<http://www.ust.is/einstaklingar/liffrageileg-fjolbreytni/cites/>. Umhverfisstofnun er leyfisveitandi í þessu tilfelli. Einnig gilda ákveðnar reglur um hvaða þætti þarf að votta og hvaða umsagnir þurfa að liggja fyrir áður en innflutningur er heimilaður s.s. hvað varðar uppruna þeirra einstaklinga tegundar sem á að flytja inn og umsagnir vísindalegs stjórnvalds, sem í þessu tilfelli er Náttúrufræðistofnun, sjá nánar m.a. 6., 8. og 11. gr. reglugerðar nr. 993/2004 við framangreind lög og <http://umsokn.umhverfisstofnun.is/web/index.html>. Einnig bendir Náttúrufræðistofnun sérstaklega á Article II og IV í Samningnum um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), <http://cites.org/sites/default/files/eng/disc/CITES-Convention-EN.pdf>.

Tegundir í viðauka II skv. CITES eru taldar í ákveðinni hættu þó svo að þær hafi ekki verið settar á lista IUCN sem tegundir í útrýmingarhættu og þ.a.l. eru settar takmarkanir með verslun tegunda á viðauka II.

Eins og kemur fram í áhættumati með umsókninni er mjög ólíklegt að tvær af þeim þremur



tegundum sem óskað er eftir að flytja til landsins, kattugla og fésugla, geti lifað í íslenskri náttúru og tekur Náttúrufræðistofnun undir þau sjónarmið. Ólíklegt er að skálmugla geti lifað hér á landi sleppi tegundin úr haldi og ekki er líklegt að hún verði ágeng þó hún nái hér fótfestu. Engu að síður getur Náttúrufræðistofnun ekki mælt með að verið sé að flytja inn til landsins, af ásetningi, tegundir sem geta lifað í íslenskir náttúru og geta haft áhrif á vistfræði annarra fuglategunda. Eðlilegra er að tegundin, ef svo vill til, berist hingað af náttúrulegum ástæðum.

Niðurstaða


Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að leggjast gegn innflutningi á kattuglu og fésuglu að því tilskyldu að öll skilyrði séu uppfyllt samkvæmt lögum nr. 85/2000. Þar á meðal telur Náttúrufræðistofnun að tryggja verði að einstaklingar tegundanna sem hugsanlega verða fluttar inn komi frá viðurkenndum ræktunaraðilum en að ekki sé verið að flytja inn villt dýr/fugla. Rétt er að taka fram að endanleg afstaða Náttúrufræðistofnunar mun ekki liggja fyrir fyrr en farið verður í ferli samkvæmt framangreindum lögum um dýr í útrýmingarhættu. Einnig þarf að uppfylla skilyrði annarra laga svo sem vegna sjúkdómavarna.

Náttúrufræðistofnu mælir ekki með því að innflutningur á skálmuglu verði heimilaður.

Náttúrufræðistofnun telur að fara verði mjög varlega í að heimila ræktun á ránfuglum nema að það sé gert af fólk með sérþekkingu á lifnaðarháttum þeirra tegunda sem um ræðir og sérstaka kunnáttu til að ala ránfugla. Það er því ekki heldur sjálfsagt að selja afkvæmi slíkra tegunda til hvers sem er. Þar um er að ræða CITES tegundir verður einnig að tryggja að fuglarnir séu merktir á réttan hátt svo rekja megi uppruna þeirra.

Í ljósi framangreindra laga nr. 85/2000 telur Náttúrufræðistofnu að vísa eigi þessu máli til afgreiðslu Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson



Kristinn Haukur Skarphéðinsson

Afrit: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun.

